

hann: "Tak þetta silfur og skift því milli allra klaustranna í Lyðiu og eyjunum, því mér virðast þau þurfi þess með öðrum fremur". Og hann bauð að ekkert skyldi vera gefið af því á Egyptalandi, því þar væri miklar nægðir. Og eg, var að vonast eftir að hann myndi lofa mig og þakka, en sá að hann sagði ekkert, hugsaði að hann hefði ekki tekið eftir að upphæðin væri jafn mikil, svo eg sagði: "Vitið, faðir, að þetta eru 300 pund silfurs". En hann svaraði mér, án þess þó að virða mig þess að líta við mér: "Sí, sem þér hafið fært þessa ölmusu, hann þarf eigi að láta segja sér hvað það er mikið, því hann, er þekkir þyngd fjallanna, veit vel hvað mikið silfur þetta vegur. Hefðuð þér gefið mér það, hefðuð þér réttilega mátt segja mér hve mikið það vegur, en, með því þér gáfuð honum það, sem, eins og guðspjallamaðurinn komst að orði, ekki fyrirleit gjöf ekkjunnar, — two smápeninga, — þá gerðist þess líka eigi þörf fyrir yður að segja meira. Hafið hljótt og verið því hægur".

"Og nokkru seinna sagði hann mér, að guð hefði opinberað sér það að hann myndi bráðlega hverfa frá þessu lífi. Og skömmu þar á eftir, án sóttar eða þrautar, nær því sjötíu ára gamall, þá hann sat við að riða smákörfu, finnandi dauðann nálagjast, fól hann anda sinn guði og hvarf í friði á burt. En áður kvaddi hann mig til sín, og sagði til míni: "Takið þessa smákörfu, því annað hefi eg eigi er eg geti yður gefið, og biðjið guð fyrir mér".

"Eftir dauða hans yfргraf eg eyðimörkina, en körfu þessa geymdi eg eins og hinn mesta dýrgrip.

Pambó þessi sagði á dauðastundinni, við þá Paulus Hortonius og Ammonius, frægðarmenn mikilla lærðóma: "Síðan eg kom til eyðimerkur þessarar, hefi eg að eins neytt þess brauðs er eg hefi aflað mér með erfði, og ekkert orð hefi eg talað er eg beri iðran fyrir, en þrátt fyrir það, nú, þá eg er á förum, finst mér að eg sé fyrst að byrja að þjóna guði!":"

(Þýtt úr II Libro D'Oro.)

R. P.